

Umhverfis- og loftslagsráð - 5 (18.11.2024) - Fundargerðir sorphirða Verkfundargerðir Verktaka og Verkkaupa

Málsnúmer : 2406019
Málsaðili : Vesturbyggð
Niðurstaða (stutt) :
Fundardagur : 18.11.2024

Inngangur : Lögð fram til kynningar verkfundargerð nr. 12 milli Vesturbyggðar og Kubbs. Ítrekað er mikilvægi þess að fyrir liggi ákvörðun ráðsins um hvort óskað skuli eftir fremlengingu samnings um tvö ár, en tímafrestur vegna þess er 6 mánuðum fyrir lok verktíma. Verktími núverandi samnings er frá 1. september 2021 til 31. ágúst 2025 þ.e. 4 ár. Samningur getur framlengst um tvisvar sinnum um tvö ár í senn ef báðir aðilar samþykkja skriflega.

Niðurstaða : Umhverfis- og loftslagsráð leggur til við bæjarstjórn að samningur við Kubb ehf verði framlengdur um tvö ár frá 31.08.2025.
Þessi tvö ár verði nýtt til að vinna ítarlega greiningarvinnu á fyrirkomulagi sormála í sveitarfélaginu og endurskoða fyrirkomulagið í ljósi reynslu og breytinga í þessum málaflokki á landsvísu. Greina þarf allan kostnað við málaflokkinn og reikna út hvað breytingar á fyrirkomulagi þýða í álögum á íbúa þannig að nýtt útbod leiði til hagræðingar og lækkunar í álögum á íbúa ef mögulegt er.

Samþykkt samhljóða.